

Ed.

850. L Ö G

um samþyktir um kornforðabúr til skepnufóðurs.

(Afgreidd frá Ed. 7. september.)

1. gr.

Heimilt er sýslunefndum að gera samþyktir fyrir einn hrepp eða fleiri um kornforðabúr til skepnufóðurs.

2. gr.

Þegar sýslunefnd þykir þörf á, eða fær óskir um það frá einni sveitar-

stjórn eða fleirum innan sýslu, að gera samþykkt fyrir sýsluna eða nokkurn hluta hennar, skal hún með nægum fyrirvara kveðja til fundar á svæði, sem ætlast er til að samþykktin nái yfir. Eiga atkvæðisrjett á þeim fundi allir, er á því svæði búa og kosningarrjett hafa til Alþingis. Sýslunefnd kveður á um fundarstað, en oddviti hennar, eða sá, er nefndin hefir kjörið til þess, tiltekur fundardag og stjórnar fundi. Skal hann hafa kjörskrá við hendina.

3. gr.

Á fundi þeim, er getur um í 2. gr., leggur fundarstjóri fram frumvarp til samþykktar, er áður hefir verið samþykkt af sýslunefndinni. Fallist fundarmenn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, sendir sýslumaður það stjórnarráðinu til staðfestingar og löggildingar. Eins fer um frumvarpið, þótt fundurinn geri við það breytingar, ef þær eru samþykktar með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða og sýslunefnd fellst á þær. En vilji sýslunefndin ekki fallast á breytingartillögur, er fundurinn gerir, skal kveðja til fundar á ný. Fallist þá fundurinn á frumvarpið óbreytt með $\frac{2}{3}$ hlutum atkvæða, fer um það sem fyr segir.

Frumvarp til samþykktar, er eigi hefir náð $\frac{2}{3}$ atkvæða á samþykktarfundi, er fallið og má eigi koma fram af nýju í sýslunefnd fyr en á næsta aðalfundi sýslunefndar.

4. gr.

Nú er samþykkt gerð eins og fyrir er mælt og send stjórnarráðinu til staðfestingar. Virðist stjórnarráðinu hún koma í bága við grundvallarreglur laga eða rjett manna, er samþykktin endursend án staðfestingar. Fylgja henni þá synjunarástæður stjórnarráðsins. Að öðrum kosti staðfestir stjórnarráðið samþykktina, skipar fyrir um birting hennar og tiltekur, hve nær hún öðlist gildi. Gildir hún upp frá því fyrir alla þá, er á því svæði búa, er hún nær yfir.

Samþykkt, er stjórnarráðið hefir staðfest, má eigi breyta á annan hátt en þann, er hún var stofnuð.

5. gr.

Í samþykkt skulu ávalt vera ákvæði um stjórn kornforðabúrsins. Þar skal og kveða á um tillög til forðabúrsins, útlán á korni og endurgreiðslu þess, endurnýjun kornsins og viðhald forðabúrsins. Enn fremur skulu þar vera ákvæði um eftirlit það, er þarf til þess að samþykktarinnar sje gætt, og hvernig kostnað við forðabúrið skuli greiða.

6. gr.

Arskostnað við forðabúrið, þann er eigi greiðist af notendum þess, skal greiða úr sveitarsjóði. Vextir af þeim hluta forðans, sem eigi er notaður, svo og fyrningargjald eða endurnýjunarkostnaður á honum, endurgreiðist sveitarsjóði úr landssjóði að helmingi, þó eigi yfir 1 kr. fyrir 100 kg. korns í þessum hluta forðans.

7. gr.

Stjórn kornforðabúrsins sendi stjórnarráðinu fyrir lok júlímánaðar ár hvert skýrslu um forðabúrið fyrir næstliðið fardagaár, ásamt reikningi yfir kostn-

að við það. Skal stjórnarráðið þá greiða forðabúrinu styrk þann úr landssjóði, sem því ber samkvæmt 6. gr. þessara laga, og sje styrkurinn greiddur fyrir 1. dag októbermánaðar.

8. gr.

Nú vill hreppur eða sýsla tryggja sjer kornforða á þann hátt að semja við kaupfelag eða kaupmann um að hafa fyrirbyggjandi ákveðinn kornforða á tímabilinu frá 1. janúar til maímánaðarloka, til ráðstöfunar fyrir sveitarstjórn eða sýslunefnd, og skal þá gera samþykkt þar um fyrir hreppinn eða sýsluna á þann hátt, sem fyrir er mælt í lögum þessum. Í samþykkt má ákveða meðal annars um kostnað við geymslu forðans og ábyrgð og hversu kostnaður sá greiðist.

9. gr.

Nú er kornið látið ónotað að því sinni, eða einhver hluti þess, og kemur til kasta sýslunefndar eða hreppsnefndar að greiða umsamdan kostnað af þessum hluta kornsins, og fæst þá helmingur hans endurgreiddur af landssjóði, þó eigi yfir 1 kr. fyrir 100 kg. korns í hinum ónotaða hluta forðans.

10. gr.

Samning þann, sem hjer ræðir um, svo og reikningsskil fyrir notkun forðans og kostnaðinum, skal senda stjórnarráðinu, svo að glögglega verði sjeð, hvað landssjóði ber að greiða.

11. gr.

Öll gjöld til kornforðabúrsins, svo og útistandandi skuldir þess, má taka lögtaki samkvæmt lögum frá 16. des. 1885.

12. gr.

Fyrir brot mót löggiltri samþykkt má ákveða sektir, 2—20 kr., er renna til kornforðabúrsins.

13. gr.

Með brot gegn samþykktum skal farið sem almenn lögreglumál.

14. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 24, um samþykktir um kornforðabúr til skepnufóðurs, frá 9. júlí 1909, og viðaukalög nr. 47, 10. nóv. 1913, við nefnd kornforðabúrslög.